



## Dalvíkurskóli

## Hönnun og smíði - Valgrein 8.-10. bekkur

Smíði er einungis kennd í vali og hópur blandaður úr bekkjunum. Markmiðin því einungis skráð inn á einn bekk.

| Námsþáttur                                                                     | 8. bekkur                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            | 9. bekkur | 10. bekkur |
|--------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|------------|
| <b>Menningarlæsi</b><br>(tekið inn í markmiðin sem eru undir öðrum námsþáttum) | <b>Við lok 10. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.</li><li>• Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.</li><li>• Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.</li><li>• Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga.</li><li>• Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.</li><li>• Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.</li><li>• Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greining býr yfir.</li><li>• Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.</li><li>• Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.</li></ul> |           |            |
| <b>Handverk</b>                                                                | <b>Við lok 10. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.</li><li>• Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútímasamfélagi.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |           |            |
| Nemandi:                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>• Notar sem fjölbreyttust verkfæri, efni og aðferðir við verkefnavinnu sína.</li><li>• Notar bæði handverkfæri og rafmagnsverkfæri.</li><li>• Tekur þátt í umræðu um mikilvægi verkþekkingar.</li><li>• Fær kynningu á mismunandi iðngreinum.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |           |            |
| <b>Hönnun og tækni</b>                                                         | <b>Við lok 10. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157):</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu.</li><li>• Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.</li><li>• Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun.</li><li>• Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.</li><li>• Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.</li><li>• Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                     |           |            |
| Nemandi:                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>• Getur teiknað myndir af smíðahlut frá fleiri sjónarhornum.</li><li>• Setur sér verkáætlun og útbýr efnislista.</li><li>• Gerir a.m.k. eitt verkefni þar sem reikna þarf efniskostnað.</li><li>• Nýtir samlímingu, töppun eða skrúfun við samsetningu hluta.</li><li>• Vandar frágang og smíði hluta.</li><li>• Vinnur heimaverkefni tengd tækni og atvinnulífinu.</li><li>• Heimsækir fyrirtæki á sviði nýsköpunar og kynnist nýjungum og framleiðslu (t.d. Sæplast).</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |           |            |
| <b>Umhverfi</b>                                                                | <b>Við lok 10. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157):</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |           |            |



|          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|          | <ul style="list-style-type: none"><li>• Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft að leiðarljósi sjálfbærni við vinnu sína.</li><li>• Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.</li><li>• Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.</li></ul> |
| Nemandi: | <ul style="list-style-type: none"><li>• Notar vistvæn efni eins og kostur er og/eða endurvinnur efni.</li><li>• Vinnur verkefni þar sem eldri hlutur er gerður upp eða nýttur í annað verkefni.</li></ul>                                                                                                                                                                                              |